

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2018

2020/EES/6/04

frá 23. mars 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2330 frá 14. desember 2017 um leyfi fyrir járn(II)karbónati, járn(III)klóríðhexahýdrati, járn(II)súlfatmónóhýdrati, járn(II)súlfatheptahýdrati, járn(II)fúmarati, járn(II)klósambandi af aminosýruhýdrati, járn(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósambandi af glýsínhýdrati sem fóðuraufni fyrir allar dýrategundir og járnextrani sem fóðuraufni fyrir smágrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 479/2006 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 202.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við í liðum 1zq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003) og 1zzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2006):

„– **32017 R 2330:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2330 frá 14. desember 2017 (Stjtið. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 41), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 202.“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 230. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1914):

„231. **32017 R 2330:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2330 frá 14. desember 2017 um leyfi fyrir járn(II)karbónati, járn(III)klóríðhexahýdrati, járn(II)súlfatmónóhýdrati, járn(II)súlfatheptahýdrati, járn(II)fúmarati, járn(II)klósambandi af aminosýruhýdrati, járn(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósambandi af glýsínhýdrati sem fóðuraufni fyrir allar dýrategundir og járnextrani sem fóðuraufni fyrir smágrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 479/2006 (Stjtið. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 41.), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 202.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2330, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 202, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 41.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.